

1871.

3. nóvbr.

95. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiðtsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk til kennslu í yfirsetufræði handa þeim læknaefnum, sem tekið hafa próf á Íslandi.

Um leið og vör sendum yður, herra stiðtamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, auglýsing um kennslu í yfirsetufræði handa þeim læknaefnum, sem tekið hafa próf á Íslandi, sem út er gengin 31. f. m., samkvæmt konungsúrskurði 21. f. m., gefum vör yður til kynna, að kirkju- og kennslustjórnin hefir gefið vonir um, að búast megi við tillagi af þeim 800 rd., sem meðal útgjalda til *Kommunitetsins* eru veittir í 21. gr. fjárhagslaganna til styrks handa íslenzkum stúðentum, sem búa sig undir próf í læknisfræði við háskólann í Kaupmannahöfn, ef nokkuð verður afgangs af þessu fê, þegar búið er að greiða tēðan styrk.

3. nóvbr.

96. Bréf dómsmálastjórnarinnar til kirkju- og kennslustjórnarinnar, um hið sama efni.

Eptir að vör höfðum fengið bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar 28. septbr. þ. á., bárum vör málið upp fyrir konungi, og hefir Hans Hátign konunginum þóknazt 21. f. m. allramildilegast að úrskurða á þá leið, sem fyrir í mælt í meðfylgjandi auglýsingu. 31. s. m.

Um leið og vör tilkynnum yður þetta, skal því við bætt, að vör, eins og drepíð er á í auglýsingunni, væntum samkvæmt munnlegu loforði ráðherrans, að veitt verði tillag til þess að standast kostnaðinn við ferð nefndra læknaefna til Kaupmannahafnar og dvöl þeirra þar af þeim 800 rd., sem meðal útgjalda til *Kommunitetsins* eru veittir í 21. gr. fjárhagslaganna til styrks handa íslenzkum stúðentum, sem búa sig undir próf í læknisfræði við háskólann í Kaupmannahöfn, ef nokkuð verður afgangs af þessu fê, þegar búið er að veita tēðan styrk.